

Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Hafnarfirði há dagforeldrum

Gildir frá 1. ágúst 2015

1. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Hafnarfirði hjá dagforeldrum. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni að fenginni tillögu fræðsluráðs.
2. Skilyrði fyrir greiðslur eru eftirfarandi
 - a. Að foreldri eigi lögheimili í Hafnarfirði og hafi lokið hámarks fæðingarorlofi.
 - b. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
 - c. Að barn sé slysatryggt.
3. Mánaðarleg greiðsla miðast við dvalartíma barns og er kr. 6.250 fyrir hverja klukkustund á dag
4. Greitt er viðbótar niðurgreiðsla til tekjulágra foreldra/forráðarmanna og er kr. 7.500 (20%) og kr. 8.750 (40%) í samræmi við eftirfarandi tekjuviðmið:

Einstaklingur

0 til 3.334.088 kr. -(allt að á mánuði 277.841 kr.) 40%

3.334.089 til 4.000.905 kr. - (allt að á mánuði 333.409 kr.) 20%

Í sambúð

0 til 4.667.723 kr. - (allt að á mánuði 388.977 kr.) 40%

4.667.724 til 5.601.268 kr. - (allt að á mánuði 466.772 kr.) 20%

Afsláttur er reiknaður út frá álagningu ársins á undan það er samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals (reitur 3.10). Ef tekjur hafa breyst á árinu skal skila inn gögnum um tekjur sl. þriggja mánaða.

5. Greitt er fyrir hálfan og heilan mánuð og miðast við 1. og 15. hvers mánaðar.
6. Veittur er 100% afsláttur af dvalargjaldi með öðru barni ef um systkini yngra en tveggja ára er að ræða í daggæslu.
7. Foreldrar fá afslátt af dvalargjaldi leikskóla ef þeir eru með börn samtímis í leikskóla, gegn því að framvísa til leikskólastjóra niðurgreiðslukvittun frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.
8. Sérstök niðurgreiðsla er greidd vegna barna eldri en átján mánaða og er kr. 8.750 fyrir hverja klukkustund á dag. Ekki er greitt fyrir fleiri en 8 ½ stundir á dag. Greiðslur hefjast næsta mánuð eftir að barnið hefur náð átján mánaða aldri og eru fjárhæðir óháðar tekjum.

Samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
13. ágúst 2015

Haraldur Líndal Haraldsson
bæjarstjóri